



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2020

## ENSK2HB05: Hagnýt enska

<b>Kennarar:</b>	<b>Guðfinna Gunnarsdóttir</b>	Sk.st.	<b>HP</b>
	<b>Magnús Huld Sigmarsdóttir</b>	Sk.st.	<b>MHS</b>
	<b>Ægir Pétur Ellertsson</b>	Sk.st.	<b>ÆE</b>

### Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunatriði sem stefnt er að í áfanganum.

**Undanfari:** Einkunnin B upp úr grunnskóla / 1. þrep staðið

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og einnig frá eigin brjósti.

### Námsefni:

**Headway Upper-Intermediate Fourth Edition** (Student's book )

**A Streetcat named Bob** James Bowen

**Smásögur í Innu**

**Ensk – íslensk skólaorðabók eða sambærileg góð ensk/ensk orðabók**

### Sérreglur áfangans:

Ætlast er til að nemendur fylgist með nánari kennsluáætlun og tilkynningum í Innu. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til. 1-2 tímar í lok annar verða notaðir í sjúkrapróf þar sem nemendur með lögleg forföll geta lokið prófum af önninni. **Þetta gildir líka um eldri nemendur áfangans.** Nemendur fæddir 2000 eða fyrr sem ekki geta sótt tíma að öllu jöfnu verða í byrjun annar að ganga frá samningi mætingar og vinnu á önninni. Nemendur sem fá 8,00 í annareinkunn þurfa ekki að taka lokapróf

Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á í tímanum. Ef svo er ekki verður nemenda vísað úr tíma og hann fær fjarvist fyrir tímann. Einnig fá fjarvist nemendur sem mæta 15 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna.

## Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Headway	4 próf úr köflum sem farið verður yfir á önninni.	15%
Smásögur	Verkefni úr 5 smásögum	10%
Streetcat	Munnlegt próf	5%
Streetcat	Verkefni	10%
Ástundun og önnur verkefni	Ýmis verkefni	10%
Lokapróf í maí	Skriflegt próf	50%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Selfossi 6.janúar 2020**

**Guðfinna Gunnarsdóttir, Magnús Huld Sigmarsdóttir og Ægir Pétur Ellertsson**  
kennslustjóri / kennarar